

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri töluliður orðist svo:
 8. *Opinber fjárfestingarráðgjöf*: Greining eða samantekt upplýsinga sem felur í sér ráðleggingu um kaup eða sölu á fjármálagerningum eða leggur til fjárfestingarstefnu, með beinum eða óbeinum hætti, sem varðar einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur þeirra og ætluð er almenningi eða er líkleg til að verða aðgengileg almenningi, svo sem ef henni er dreift til stórs hóps manna.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, 3. gr., svohljóðandi:

Í stað tilvísunarinnar „23. gr.“ í 8. gr. laganna komi: 28. gr.
3. Við 4. gr.
 - a. 1. tölul. b-liðar (21. gr.) orðist svo: *Almennt útboð*: Með almennu útboði verðbréfa, hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er átt við hvers konar boð til almennings um kaup á verðbréfum, með hvaða hætti sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfin sem eru boðin til kaups til að fjárfesti sé kleift að ákveða að kaupa eða láta skrá sig fyrir kaupum á þessum verðbréfum. Undir þetta falla einnig verðbréf sem sett eru á markað fyrir tilstilli milligönguaðila á fjármálamarkaði.
 - b. Orðin „hvort heldur er í upphaflegri sölu eða síðari sölu“ í 1. mgr. c-liðar (22. gr.) falli brott.
4. Við 5. gr.
 - a. 3. mgr. b-liðar (37. gr.) orðist svo:

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

 1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjarráða börn aðila.
 2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfiráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfiráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
 3. Félag sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 1/3 hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
 4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.
 - b. Í stað orðanna „sex mánuði“ í síðari málslið 3. mgr. e-liðar (40. gr.) komi: þrjá mánuði.
 - c. Orðin „reyna að“ í lokamálslið 5. mgr. e-liðar (40. gr.) falli brott.

- d. 1. mgr. g-liðar (42. gr.) orðist svo:
Tilboð sem gert hefur verið opinbert skv. 52. gr. er ekki hægt að afturkalla nema sérstök óviðráðanleg atvik (force majeure) mæli með því.
5. Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, 7. og 8. gr., svohljóðandi:
 - a. (7. gr.)
35. gr. laganna, sem verður 49. gr., orðast svo:
Ákvæði þessa kafla gilda um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð.
 - b. (8. gr.)
36. gr. laganna fellur brott.
6. Í stað tilvísunarinnar „63.–67. gr.“ í 21. gr. komi: 62.–67. gr.
7. Í stað 5. tölul. 22. gr. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 5. upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga skv. 59. gr. og
 6. innherjaviðskipti skv. 62.–67. gr.